



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Landbúnaðarnefnd 12. fundur**

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, mánudaginn 10. ágúst 2009 kl: 17:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason, Elín Steingrímisdóttir, Hjörleifur Sigurðarson og Egill Freysteinnsson fjallskilastjóri. Sigurður G. Böðvarsson boðaði forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

### **2. Niðurjöfnun gangna 2009**

Fjártala í hreppnum í apríl sl. voru 4.799 kindur, fjártala til niðurjöfnunar 2120.

Jafnað niður 150 dagsverkum á Austurafrétti, auk þess 1 dagsverki til viðgerða á Hlíðarrétt. Eftirfarandi tillaga gerð að gangnaseðli sjá fskj. 1. Á suðurafrétti sjá bændur sjálfir um tilhögun gangna.

### **3. Ýmis fyrimæli**

Gjaldskrá fyrir akstur óbreytt frá fyrra ári. Minnt er á að rekstur af Hlíðardal á Hlíðarrétt í fyrstu göngum fer af stað kl. 7:00 og réttir hefjast kl.10:00.

### **4. Gangnadagar**

Fyrstu göngur á Austurafrétti verði 28. ágúst og réttað í Hlíðarrétt 30. ágúst kl: 10:00, fyrstu göngur á suðurafrétt verði 28. ágúst og réttað í Baldursheimsrétt 30. ágúst. Stefnt að því að aðrar göngur hefjist 19. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið  
Birgir V. Hauksson  
Halldór Árnason  
Hjörleifur Sigurðarson  
Elín Steingrímisdóttir  
Egill Freysteinnsson

